

1863.
6. maím.

fè, sem talið er í 9 gr. G. c. í fjárlögunum fyrir árið 1862—63, og telja þá sem bráðabirgðarlán til suðurumdæmisins vegna ráðstafana þeirra, sem gjörðar hafa verið sökum fjárkláðans; en stjórnarráðið vonast eptir, að þær annist um, að hlutaðeigendur borgi fè þetta aptur og að jarðabókarsjóðurinn fái það þannig endurgoldið, og býst við að fá frá yður með síðasta pósti þetta árið skýrslu um, hversu mikið þá verði búið að borga.

6. maím.

31. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um alþingissetu þorsteins kanselráðs Jónssonar, sýslumanns í Þingeyjarsýslu.

Í bréfi, er stjórnarráðinu hefir borizt, og dagsett er 17. febrúarm. þ. á., hefir þorsteinn kanselráð Jónsson, sýslumaður í Þingeyjarsýslu, skýrt frá, að hann, ef hann geti komið því við, ætli að vera á alþingi því, er nú fer í hönd, sem konungkjörinn þingmaður, og því næst spurt um, hvort amtmaður eigi ekki ef til þess komi, án þess hann skerist neitt í það mál, að skipa einhvern mann til uppá eigin ábyrgð að gegna embættinu á meðan, án þess hann sjálfur missi nokkurs í við það af embættistekjum sínum.

Útaf þessu biður dómsmálastjórnin yður, herra amtmaður, að kunngjöra áður greindum embættismanni, og um leið senda honum aptur meðfylgjandi fylgiskjal, að hann verði að hlutast til um við amtið, að skipaður verði uppá hans kostnað og ábyrgð hæfur maður til þess að gegna embætti hans meðan hann er fjærverandi á alþingi.

6. maím.

32. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um tíund af eign fátækra í Dísastöðum og Fossgerði.

Þegar endurskoðaðir voru reikningarnir yfir konungstíund og

1863.

6. maím.

aðrar tekjur ríkissjóðsins af Suðurmúlasýslu á tímabilinu frá 1. d. aprílm. 1856 til 31. d. marzm. 1858 hafði því verið hreift, hvort greiða bæri konungstíund af 10 hdr. í jörðinni Dísastöðum í Breiðdals hrepp og 4 hdr. í jörðinni Fossgerði í Eyða hrepp, og hefir því stjórnardeild sú, sem falin er rannsókn reikninga í konungsríkinu, sent dómsmálastjórninni eptirrit af 11. útásetningagrein við greinda reikninga ásamt svari þess, er reikningana hafði samið, og athugasemdum þess, sem þá hafði rannsakað, og úrskurði stjórnardeildarinnar, og skotið þannig málinu undir úrlausn dómsmálastjórnarinnar.

Um þetta efni skal yður, herra amtmaður, til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þér kunngjörið það, að dómsmálastjórnin áltur, að ekki beri að heimta konungstíund af jörðum þessum¹.

33. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um fjárverði til að varna útbreiðslu fjárkláðans.

7. maím.

Í bænarskrá nokkurri, sem Havstein amtmaður hefir sent dómsmálastjórninni og yður hérmeð er sent eptirrit af, hefir Kristján kammerráð Kristjánsson og 4 aðrir sýslunefndarmenn í Húnavatnssýslu farið þess á leit, að stjórnin hlutist til um, að tryggilegur vörður verði nú í sumar á kostnað allra þriggja amtsjafnaðarsjóða Íslands settur við Skorradalsvatn, á sömu varðlínu, sem undanfarin tvö sumur, til að varna útbreiðslu fjárkláðans.

Jafnvel þó sjá megi af skýrslum þeim, er frá Íslandi hafa komið, að fjárkláðinn nú aðeins gjörir vart við sig á stöku stað í suðurumdæminu, þá hefir þó stjórnarráðinu virzt það eiga að verða við tilmælum þeim, sem fram koma í ofanefndri bænarskrá, og hefir einnig verið haft tillit til þess, að í bænarskrá

¹) Af skjölum málsins er ljóst, að jarðarhundurð, þau sem hér er rætt um, eru eign fátækra, sbr. Lagasafn. handa Íslandi VI, 152.

Útg.